



Reykjavík, 29. apríl 2015

### **Samkomulag um sátt vegna brots X á 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008**

Hinn 12. febrúar 2015 gerðu Fjármálaeftirlitið og X, hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 3. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 á tímabilinu 31. desember 2012 til 28. maí 2014 með því að hafa stundað innheimtustarfsemi fyrir aðra án innheimtuleyfis og án þess að skilyrði fyrir því að stunda innheimtu fyrir aðra án innheimtuleyfis væru fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 1.750.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana þannig að skilyrði fyrir því að stunda innheimtu fyrir aðra án innheimtuleyfis eru nú fyrir hendi.

#### **Málsatvik**

Þann 16. apríl 2014 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um eignarhald málsaðila. Þann 28. apríl 2014 var upplýst að eignarhaldsfélagið Y sem er í eigu lögmanna væri stærsti hluthafi þess. Í bréfi Fjármálaeftirlitsins dags. 22. maí 2014 var upplýst um að Fjármálaeftirlitinu virtist sem málsaðili stundaði innheimtustarfsemi án innheimtuleyfis og án þess að skilyrði fyrir því að stunda innheimtu fyrir aðra án innheimtuleyfis væru fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga og 2. gr. reglna nr. 1210/2008 um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008. Fjármálaeftirlitinu barst bréf frá málsaðila dags. 28. maí 2014 um að breyting hefði verið gerð á eignarhaldinu í hlutaskrá málsaðila og færu nú lögmansstofa, lögmaður, ásamt málsaðila með eignarhaldið.

Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga sinnti málsaðili innheimtu fyrir aðra á tímabilinu 31. desember 2012 til 28. maí 2014 án innheimtuleyfis og án þess að uppfylla skilyrði 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga. Að mati Fjármálaeftirlitsins hefur málsaðili gripið til viðeigandi ráðstafana þar sem félagið er nú að öllu leyti í eigu lögmans og lögmansstofu og uppfyllir þar með skilyrði fyrir því að stunda innheimtustarfsemi án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga.

#### **Lagagrundvöllur**

Skilyrði til þess að mega stunda innheimtu fyrir aðra skv. 3. gr. innheimtulaga er m.a. að fyrir liggja innheimtuleyfi skv. a lið 1. mgr. 3. gr., sbr. 4. gr. laganna. Þó mega lögmenn stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Brot á 3. gr. innheimtulaganna getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. a. lið 1. mgr. 18. gr. sömu laga og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50.000 til 50.000.000 krónum, 3. mgr. 18. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 3. gr. innheimtulaga með sátt enda sé ekki um að ræða



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

meiriháttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 19. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

### Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til hugsanlegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar Fjármálaeftirlitið fellst á að ljúka máli með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu leit Fjármálaeftirlitið til þess að innheimtulög eru sett til hagsbóta fyrir neytendur og að innheimtustarfsemi fyrir aðra er starfsleyfisskyld starfsemi sem á að vera undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins nema undanþágur eigi við. Tekið var mið af umfangi brotsins þ.e. hve lengi innheimtustarfsemin var stunduð án leyfis og umfangi innheimtunnar. Þá var litið til samstarfsvilja málsaðila og til þess að brotið var rakið til breytinga á eignarhaldi.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvika málsins að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 1.750.000 krónur.

### Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 19. gr. laga nr. innheimtulaga nr. 95/2008 og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.